

# Viðtal við heilbrigðisráðherra

---

## Málefni Sólvangs.

Málsnúmer: VEL15050258

Númer skjals:

Skráð: 9. desember 2015

Eigandi skjals: Silja Gunnarsdóttir

## Auðkenni

Dagsetning: 9. desember 2015

Fyrirtæki: Hafnarfjarðarkaupstaður

Nafn:

## Vinnsla

Staða: Í vinnslu

Geymslustaður skjals: GoPro

Mættir frá Hafnarfirði; Guðlaug Kristjánsdóttir, Haraldur L. Haraldsson, Helga Ingólfssdóttir.

Þrjú mál sem fulltrúar Hafnarfjarðar óskuð eftir að taka upp á fundinum:

- Endurskoðun samnings frá árinu 2010 um byggingu og þátttöku í leigu hjúkrunarheimilis.
- Mögulegar endurbætur á húsnæði Sólvangs.
- Samþættingu á heimaþjónustu og heimahjúkrun í sveitarfélaginu.

Fulltrúar bæjarsins gerðu grein fyrir þessum atriðum.

Ráðherra fór yfir

- stöðu framkvæmdaáætlunar um byggingu nýrra hjúkrunarheimila,
- stöðu Framkvæmdasjóðs aldraðra (FA)
- og vinnu verkefnisstjórnar um úttekt á öldrunarþjónustu sem nú er að störfum.

Hann taldi ekkert því til fyrirstöðu að endurskoða samninginn frá 2010, m.t.t. nýrra viðmiða og leiguverðs, þó með þeim fyrirvara að afstaða fjármála- og efnahagsráðuneytis liggur ekki fyrir en það ráðuneyti er aðili að samningnum.

Fram kom að ráðuneytið væri reiðubúið að skoða mögulegar breytingar á Sólvangshúsinu en að svo stöddu rúmast þær ekki innan fjárheimilda FA.

Um samþættingu heimaþjónustu og heimhjúkrunar hvatti ráðherra bæjarfélagið til að hefja viðræður við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.